

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 99/2015****2016/EES/42/26****frá 30. apríl 2015****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 548/2014 frá 21. maí 2014 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar litla, meðalstóra og stóra aflspenna ⁽¹⁾.
- 2) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 6g (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1194/2012) í IV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„6h. **32014 R 0548**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 548/2014 frá 21. maí 2014 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar litla, meðalstóra og stóra aflspenna (Stjtið. ESB L 152, 22.5.2014, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 26h (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1194/2012) í IV. viðauka við EES-samninginn:

„26i **32014 R 0548**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 548/2014 frá 21. maí 2014 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar litla, meðalstóra og stóra aflspenna (Stjtið. ESB L 152, 22.5.2014, bls. 1).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 548/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 152, 22.5.2014, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.